

Úrskurður

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 13/2002

Heilsa ehf.

gegn

samkeppnisráði

I.

Með bréfi, dags. 27. júní 2002, hefur Heilsa ehf. kært [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 22/2002](#), dags. 31. maí 2002.

Í hinni kærðu ákvörðun taldi samkeppnisráð að áfrýjandi hefði brotið gegn 31. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og 5. gr. reglna um verðmerkingar nr. 580/1998. Jafnframt ákvað ráðið að leggja 400.000 króna sekt á áfrýjanda.

Áfrýjandi krefst þess að ákvörðun samkeppnisráðs verði felld úr gildi. Til vara er þess krafist að ákvörðun um stjórnvaldsekt verði felld niður eða lækkuð verulega.

Af hálfu samkeppnisráðs er þess krafist að ákvörðun ráðsins verði staðfest með vísan til forsendna hennar.

II.

Málavextir eru þeir að í kjölfar kvartana sem Samkeppnisstofnun bárust vegna ófullnægjandi verðmerkinga í verslunni Heilsuhúsinu, sem áfrýjandi rekur við Skólavörðustíg 12 í Reykjavík, sendi stofnunin bréf til áfrýjanda þann 18. apríl 2002, þar sem fram kom að könnun stofnunarinnar á verðmerkingum í versluninni hafi leitt í ljós að verulega skorti á að allar vörur væru verðmerktar. Áfrýjanda var bent á ákvæði 31. gr. samkeppnislaga og til þess vísað að brot á lagagreininni gæti varðað sektum. Var áfrýjanda gefinn frestur til 6. maí 2002 til að koma verðmerkingum í versluninni í rétt horf. Tilmæli Samkeppnisstofnunar til áfrýjanda voru ítekuð með bréfi þann 8. maí 2002. Þann 17. sama mánaðar barst Samkeppnisstofnun bréf frá

Samtökum verslunarinnar f.h. áfrýjanda þar sem fram kom að hann hefði valið þá leið að setja upp strikamerkjaskanna í stað beinna verðmerkinga á hillum í umræddri verslun sinni. Var þeim tilmælum beint til stofnunarinnar að túlka reglur um verðmerkingar vara rúmt og grípa ekki til frekari aðgerða í málinu.

Málsmeðferð Samkeppnisstofnunar er að öðru leyti lýst í hinni kærðu ákvörðun og vísast til þess er þar segir.

Á fundi samkeppnisráðs 31. maí 2002 var tekin ákvörðun í máli þessu. Ákvörðunarorðin hljóða svo:

„Verðmerkingar í versluninni Heilsuhúsinu við Skólavörðustíg 12, Reykjavík, brjóta gegn 31. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. 5. gr. reglna um verðmerkingar nr. 580/1998.

Með heimild í 51. gr. samkeppnislaga skal Heilsa ehf. greiða stjórnvaldssekt að upphæð kr. 400.000.

Sektin skal greiðast ríkissjóði eigi síðar en þremur mánuðum eftir dagsetningu þessarar ákvörðunar.“

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefndinni. Greinargerð samkeppnisráðs bárust nefndinni frekari svör samkeppnisráðs 30. júlí 2002.

III.

Af hálfu áfrýjanda kemur fram að viðskiptavinir umræddrar verslunar eigi auðvelt með að sjá verð á vörum hennar með því að skanna strikamerki á vörunni, auk þess sem það komi í veg fyrir misræmi á verði sem t.d. sé gefið upp á hillu annars vegar og við kassa hins vegar. Hér sé um tækninýjung að ræða sem sé að ryðja sér til rúms víða um heim.

Áfrýjandi vísar til tilskipunar Evrópuþingsins og Ráðsins 98/6/EB frá 16. febrúar 1998 um neytendavernd að því er varðar upplýsingar um verð á vöru sem boðin sé neytendum, þar sem beinlínis sé gert ráð fyrir að sérreglur um tilgreiningu einingarverðs geti gilt um lítil smásölufyrirtæki.

Að því er varðar varakröfu áfrýjanda vísar hann til þess að hann hafi verið í góðri trú þegar framangreint kerfi hafi verið sett upp í versluninni þar sem leitast var við að hafa hlutina sem nýttiskulegasta.

Af hálfu samkeppnisráðs er bent á að grundvallarreglan í verðmerkingum sé sú að allar vörur sem seldar séu neytendum skuli verðmerkja þannig að auðvelt sé að sjá verðmerkinguna. Eins og fram komi í 5. gr. reglna um verðmerkingar nr. 580/1998 skuli setja verðið á vöruna sjálfa, á viðfestan miða eða á umbúðirnar. Ef framangreint sé ekki hægt megi verðmerkja með hillumerki, skilti eða verðlista enda sé tryggt að neytendur eigi auðvelt með að sjá verðið. Sömu sjónarmið komi fram í tilskipun nr. 98/6/EB og telur samkeppnisráð tilvísun áfrýjanda til þeirrar tilskipunar á misskilningi byggða. Notkun skanna sem hið eina form verðmerkingar fullnægi ekki þeirri grundvallarreglu að neytandinn sjái verð og hafi þannig nauðsynlegar upplýsingar til að velja vörur.

Hvað varðar þá málsástæðu áfrýjanda að hann hafi verið í góðri trú þegar skannakerfi hans hafi verið sett upp, bendir samkeppnisráð á að fyrirtæki verði að þekkja þau lög og reglur sem gildi um starfsemi þeirra. Þá hafi Samkeppnisstofnun áður haft afskipti af áfrýjanda vegna verðmerkinga og honum verið bent á lög og reglur sem gilda um þær.

IV.

Niðurstöður.

1

Í máli þessu er deilt um hvort notkun skanna til verðupplýsinga um vöru í verslun áfrýjanda geti komið í stað beinna verðmerkinga. Í því sambandi reynir á 31. gr. samkeppnislaga þar sem segir:

Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með söluverði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það.

Þessi ákvæði hafa síðan verið útfærð með reglum nr. 580/1998 um verðmerkingar sem settar hafa verið með heimild í 31. gr. samkeppnislaga. Þar er m.a. í 2. gr. kveðið á um að verðmerking skuli vera skýr svo greinilegt sé til hvaða

vöru verðmerkingin vísi og að auðvelt eigi að vera að sjá verð vöru og þjónustu á sölustað, sbr. einnig 5. gr. reglnanna.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála fellst á rök samkeppnisráðs í hinni áfrýjuðu ákvörðun fyrir því að verðmerkingar með svonefndum skönnum fullnægi ekki fyrrgreindum ákvæðum. Ber því að staðfesta hina áfrýjuðu ákvörðun um þetta atriði.

2

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur að ákvörðun sektarfjárhæðar sé í hóf stillt miðað við atvik máls þessa. Hefur áfrýjandi ekki fært fram sérstök rök fyrir því að hann hafi verið í góðri trú er skannakerfið var sett upp í verslun hans þannig að það sjónarmið eigi að hafa áhrif til lækkunar sektarákvörðunarinnar. Þá þykir ekki nægjanleg ástæða til að fella niður eða lækka sektir þótt verðmerkingu hafi nú verið komið í lögmeitt form. Því þykir mega staðfesta ákvörðunina svo og gjalddaga hennar.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 22/2002, dags. 31. maí 2002, er staðfest.

Reykjavík, 1. ágúst 2002

Stefán Már Stefánsson, formaður

Anna Kristín Traustadóttir

Erla S. Árnadóttir

*[Þessu máli var skotið til dómstóla; sjá dóm Hæstaréttar í máli nr. [136/2003](#).
(4. desember 2003)]*